

Skipulagsstofnun
b/t Egill Þórarinsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 15. apríl 2019
UST201903-291/R.K.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - eldissvæði í Arnarfirði - breyting á hvíldartíma

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 25. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á því hvort og á hvaða forsendum breyting á hvíldartíma eldissvæða Arnarlax ehf. (hér eftir rekstraraðili) í Arnarfirði skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Um er að ræða breyting á hvíldartíma eldissvæðis í Hringisdal í úr 6-8 mánuðum í a.m.k. 90 daga á milli kynslóða sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 1170/2015 um fiskeldi. Umhverfisstofnun áréttar að þessi 90 daga hvíldarskilyrði eru til varnar fiskisjúkdómum og laxalús svo hægt sé að verjast því að sjúkdómsvaldar berist á milli kynslóða, líkt og segir í reglugerð: „*Afmörkun sjókvíaeldissvæða tekur á hverjum tíma mið af niðurstöðum rannsókna á dreifingu sjúkdómsvalda*“. Slíkt fellur undir starfssvið Matvælastofnunar og er því gætt að í rekstrarleyfi starfseminnar. Mengun umhverfis vegna starfseminnar, aðallega í formi fóðurleifa, úrgangs og dauðfisks sem botnfellur og safnast fyrir undir kvíum, fellur hins vegar undir verksvið Umhverfisstofnunar. Þau sjónarmið sem búa að baki hvíldartíma í starfsleyfum stofnunarinnar eru ekki þau sömu og búa að baki hvíldartíma sem fram koma í reglugerð nr. 1170/2015. Nauðsynlegt getur verið að gera kröfu um lengri hvíldartíma ef talin er þörf á því vegna mengunar starfseminnar þar sem gætir áhrifa m.a. á botndýralíf undir kvíum. Umhverfisstofnun og Matvælastofnun geta samræmt ákvæði hvíldartíma í starfs- og rekstrarleyfum en þó getur Umhverfisstofnun ávallt krafist rekstraraðila um lengri hvíldartíma telur hún þörf á því m.t.t. mengunar.

Umhverfisstofnun veitti í umsögn þann 15. ágúst 2018 til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um beiðni rekstraraðila um undanþágu frá starfsleyfi hvað varðar hvíldartíma eldissvæða. Þar taldi stofnunin að einungis væri hægt að líta til annars hvíldartíma að undangengnu ferli Skipulagsstofnunar varðandi nýja matsskyldufyrirspurn rekstraraðila.

Umhverfisáhrif

Fram kemur í greinargerð að: „Ef hins vegar niðurstöður vöktunar eldissvæðis, þegar lífmassi er í hámarki, gefa vísbendingar um að umhverfisástand sé ekki gott verður svæðið hvílt lengur“. Umhverfisstofnun telur að í stað þess að stytta hvíldartíma þegar reynsla er enn ekki til staðar, m.t.t. fullra afkasta framleiðslunnar og tímann sem eldið hefur verið starfrækt í Arnarfirði, og lengja aftur ef vísbendingar gefa tilefni til þessu sé réttara að rekstraraðili haldi sig við settan hvíldartíma og sæki um að fá að stytta hann þegar reynsla er kominn á þann hvíldartíma. Þannig er einnig tekið mið af meginreglum í 6. gr. og 9. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd um varúð.

Í greinargerð segir um áhrif eldisins í Arnarfirði: „...Breyting á ákvæði er varðar hvíldartíma í starfsleyfi Arnarlax er talin rúmast innan fyrirbyggjandi mats á umhverfisáhrifum. [...] Því sem fjær dregur eru áhrif takmörkuð og áhrif á súrefnismettun og botndýralíf í djúplagi Arnarfjarðar hafa ekki verið merkjanleg“ (bls. 7). Rekstraraðili veitir ekki fullnægjandi rök fyrir framangreindri staðhæfingu í greinargerð og bendir Umhverfisstofnun á að enn hefur framleiðsla rekstraraðila í Arnarfirði ekki verið á fullum afköstum og hefur einungis verið virkt í stuttan tíma og því ekki við því að búast að heildaráhrif eldisins hafi enn komið fram. Því er ekki hægt að meta getu fjarðarins til að taka við slíkum álagi með styttri hvíld við aukin afköst í lengri tíma. Umhverfisstofnun ber að taka mið af meginreglu 10. gr. (mat á heildarálagi) náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og er það ekki gert með því að veita leyfi fyrir þessum breytingum með svo mikla óvissu á umhverfisáhrifum.

Í greinargerð er rökstuðningur þess efnis að stytta hvíldartíma eldissvæða sá að ef ástand botnsins sé enn slæmt eftir þrjá mánuði þá sé alltaf hægt að hvíla svæðið lengur. Hins vegar er mjög óljóst hver viðbragðsáætlun rekstraraðila væri ef slíkt ástand kæmi upp, þ.e. hvað skal gera ef niðurstöður mats á ástandi botns sýna að svæðið þarfnast lengri hvíldar. Rekstraraðili greinir ekki frá því hvernig hann hyggist geyma fisk/seiði sem eru tilbúin til útsetningar í fleiri mánuði án þess að setja hann í kvíarnar á meðan svæðið er að jafna sig. Ennfremur segir í kafla 7.4. í greinargerð: „Því má gera ráð fyrir að botndýralíf muni bera einkenni raskaðs ástands hvort sem er um er að ræða þriggja eða sex mánaða hvíld. Með styttingu hvíldar eldissvæða er gert ráð fyrir að áhrif á botnset og botndýralíf verði áfram talsvert neikvæð en staðbundin, en að þau verði óveruleg þegar horft er til stærra svæðis. Áhrif eldis á ástand sjávar, botnset og botndýralíf verða afturkræf ef fiskeldis-starfsemi verður hætt“ (bls. 17). Því verður að teljast ólíklegt að rekstraraðili hyggist hvíla svæði sem beri merki ofauðgunar í botni lengur en þrjá mánuði ef heimild í starfsleyfi er stytt í þann tíma. Umhverfisstofnun telur slíkt óásættanlegt og ekki til þess fallið að lágmarka neikvæð áhrif eldisins á lífríki fjarðarins.

Breyting á starfsleyfi

Umhverfisstofnun tekur fram að stytting hvíldartíma eldissvæðisins í Hringsdal er umtalsverð þar sem um er að ræða helmingun á lægri marki gefins hvíldartíma í mati á umhverfisáhrifum. Forsenda starfsleyfis var m.a. ákvæði/skilyrði uppá a.m.k. 6-8 mánuða hvíld eldissvæða á milli kynslóða og var það tekið fyrir í mati á umhverfisáhrifum. Til að heimila styttingu á hvíldartíma þarf að breyta starfsleyfi rekstraraðila. Að mati

Umhverfisstofnunar er það forsenda þeirrar breytingar að umhverfisáhrif styttri hvíldartíma við full afköst eldisins séu metin. Þó telur stofnunin bestu leiðina til að meta slík áhrif að ala fisk á fullum afköstum skv. rekstrar- og starfsleyfi rekstraraðila og hvíla svæði í 6 mánuði í nokkrar kynslóðir. Við reynsluna af þeirri hvíld má safna vöktunargögnum um ástand botnsins og áhrif á lífríki fjarðarins og getu hans til að taka við auknu lífrænu álagi með 6 mánaða hvíld á milli kynslóða. Þá fyrst er hægt að meta almennilega hvort svæðið þoli minni hvíld á fullum afköstum til lengri tíma að mati Umhverfisstofnunar.

Viðbragðsáætlun vegna mengunar undir kvíum

Umhverfisstofnun telur forsendu þess að hvíldartími verði styttrur að lögð sé fram nákvæm áætlun um mat á svæðunum (meðan á hvíld stendur og fyrir áætlaða útsetningu) þar sem koma skal fram hvernig rekstraraðili bregðist við ef þeir þurfa að hvíla lengur. Hvað verði um fisk sem tilbúin er til útsetningar á meðan hvíld svæðis er framlengd.

Umhverfisstofnun telur eðlilegast að reynsla sé fenginn á 6-8 mánaða hvíld svæða á milli kynslóða.

Niðurstaða


Umhverfisstofnun telur mikla óvissu vera á þeim umhverfisáhrifum styttingar á hvíldartíma og að heildaráhrif eldisins séu enn ekki fram komin. Ennfremur er forsenda breytingar á starfsleyfi stofnunarinnar með styttingu hvíldartíma, háðar því að þær breytingar séu innan þolmarka fjarðarins hvað varðar lífrænt álag og er mat á umhverfisáhrifum lögmæt aðferðafræði við mat á hugsanlegum áhrifum eldisins miðað við styttri hvíldartíma. Umhverfisstofnun telur þó að vænlegasti kosturinn sé að fá reynslu á áhrif eldisins með þeim hvíldartíma sem lagt var upp með í upphafi, a.m.k. 6 mánuði. Að fenginni þeirri reynslu sé fyrst hægt að meta hvort forsendur séu fyrir því að stytta hvíldartíman miðað við upplýsingar um ástand fjarðarins í raun.

Stofnunin telur að breyting á hvíldartíma sé líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og sé því háð mati á umhverfisáhrifum. Fari svo að ákvörðun Skipulagsstofnunar verði sú að breytingin sé ekki háð mati leiðir það ekki sjálfkrafa til þess að stofnunin samþykki breytingu á starfsleyfi.



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Steinar Rafn B. Baldursson
Sérfræðingur